

Mál nr. 225/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar B

Umferðaróhapp, bifreið ekið út af Suðurlandsvegi við Kögunarhól  
5. maí 2007, meint ölvun við akstur

## Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.11. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.12. 2007, ásamt fylgiskjölum.

## Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðin B fannst á hvolfi skammt vestan við Kögunarhól aðfararnótt 5. maí 2007. Í stað þess að fara upp á Þjóðveginn og gera viðvart mun ökumaður bifreiðarinnar (M) hafa gengið um móa á leið sinni til Selfoss. Samskiptum aðila þ.á m. ökumannsins og lögreglu er lýst í gögnum málsins. Vátryggingafélagið vísar til þess að M hafi yfirgefið vettvang alvarlegs bílslyss án þess að gera vart við sig. Vitni bar hjá lögreglu að M hafi verið mjög ölvaður skömmu fyrir óhappið, M hafi ekki viljað gefa sig fram við lögreglu þegar hann kom í leitirnar og nafnlaus tilkynning barst lögreglu um að M hafi verið ölvaður undir stýri. Gegn þessu stendur afturköllun vitnis, sem er vinur M, á óhagstæðum framburði. Fullyrðing M sjálfs um að framburður móður hans sé ósannindi, einnig ótrúverðug frásögn M um ástæður þess að hann yfirgaf vettvang. Félagið telur að það sé "hafið yfir allan skynsamlegan vafa" að M hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis og af þeim sökum sé réttur til bóta ekki fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar sbr. 11. gr. skilmála vátryggingarinnar og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M mótmælir því að hann hafi ekið bifreiðinni ölvaður. Með "öllu sé ósannað" að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

## Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ölvaður við akstur hennar er hún valt. Atvik öll, þ.á m. einkennilegar skýringar ökumannsins, gefa til kynna að hann hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar. Líkur eru á því að þess vegna hafi hann ekki gert viðvart um óhappið fyrir en nokkru síðar og forðast samskipti við lögreglu í beinu framhaldi af óhappinu. Með hliðsjón af framanrituðu og 11. gr. skilmála vátryggingarinnar og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

## Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. janúar 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.